

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning, stjórnarhættir og eftirlit).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Í stað orðanna „skv. 3. og 4. mgr.“ í 9. gr. komi: skv. 2. mgr. 1. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 2. tölul. 1. mgr.
2. Við 11. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við 1. másl. 2. mgr. 36. gr. laganna bætist: svo og þeim kröfum sem ganga á undan henni, sbr. 11. mgr. 94. gr.
3. 1. efnismgr. b-liðar 16. gr. orðist svo:

Stjórnarmenn váttryggingafélags mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða félags í nánnum tengslum við það né vera starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars eftirlitsskylds aðila eða tengdra félaga. Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega einungis sinna þeim lögmannsstörfum fyrir annað váttryggingafélag sem ekki geta valdið hættu á hagsmunaárekstrum á milli félaganna tveggja eða á váttryggingamarkaði. Hyggist stjórnarmaður taka að sér lögmannsstörf fyrir annað váttryggingafélag skal hann fá skriflegt samþykki stjórnar váttryggingafélagsins sem hann er stjórnarmaður í fyrir því að hann megi taka að sér umrætt starf, tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfið sem hann hyggst taka að sér og upplýsa Fjármálaeftirlitið um eðli starfsins og umfang þess. Stjórnarmaður ber sönnunarbyrði um að lögmannsstarf sem hann tekur að sér fyrir annað váttryggingafélag brjóti ekki gegn ákvæði þessu. Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá stjórnarmanni í því skyni að meta hvort brotið hafi verið gegn ákvæðinu. Starfsmönnum váttryggingafélags er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi váttryggingafélags.
4. 17. gr. falli brott.
5. Á eftir 19. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Í stað tilvísunarinnar „5. mgr. 54. gr.“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögnum kemur: 8. mgr. 54. gr.